

Mál nr. 355/2010

**M
og**

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar

Tjón á tölvubúnaði vegna rafmagnstruflana er pallur vörubifreiðar rakst í háspennulínu.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 8.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 25.11.2010.

Málsatvik.

Þann 4.4.2009 sturtaði stjórnandi vörubifreiðarinnar A malarhlassi ofan í húsgrunn í Vaðlaheiði á lóð í landi gegnt Akureyri. Að svo búnu ók ökumaður A af stað undan hlassinu með pallinn í uppréttri stöðu. Rakst þá brún á efri enda pallsins í nærliggjandi 66.000 volta háspennulínu. Við það fór rafmagn af á Akureyri og nágrenni. Á sama tíma munu skemmdir hafa orðið á kæli og frystikerfi, svo og á iðntölvu hjá M

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins má ráða að miklar rafmagnstruflanir hafi verið á Akureyri þegar ofangreint atvik varð. Ekki þykir nægilega í ljós leitt að tjón það sem M varð fyrir verði beinlínis rakið til þess atviks er A rakst í háspennulínuna. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 30. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.